


Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. janúar 2010
Tilvísun: UST20091200088/bs

Efnistaka í Stóru-Fellsöxl í Hvalfjarðarsveit. Umsögn um frummatsskýrslu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. desember 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Hér er um að ræða fullvinnslu á núverandi námusvæði alls tæplega 1.000.000 m³, valkostur 1. Valkostur 2 felur í sér stækkun núverandi námu til vestur, þar sem unnt er að taka um 170.000 m³. Til viðbótar við valkost 1, alls tæplega 1.200.000 m³. Valkostur 3 er vegar stækkun námunnar niður fyrir Fellsendavega þar sem unnt er að taka um 50.000 m³ til viðbótar við valkost 2 eða rúmlega 1.200.000 m³ af þremur svæðum samtals.

Flatarmál núverandi námu er um 28 ha. Þau svæði sem hugsanlega bætast við námuna eru samtals um 8 ha. Í frummatsskýrslu eru umhverfisáhrif efnistökkunnar í Stóru-Fellöxl helst talin vera áhrif á landslag auk sjónrænna áhrifa. Umhverfisáhrif efnistöku í Stóru-Fellsöxl eru að líkindum þegar fram komin að mestu leyti.

Náman er í sethjalla við austur enda Akrafjalls, sem myndast hefur við hærri sjávarstöðu. Slíkar jarðmyndanir njóta ekki sérstakrar verndar. Umrædd náma er hvorki á friðlýstu svæði né innan svæðis á náttúruminjaskrá.

Í frummatsskýrslu er megin áhersla lögð á að fullvinnslu núverandi efnistökusvæðis og frágang þess samhliða fyrirhugaðri efnistöku. Núverandi námusvæði er um 28 ha og er það all opið og ófrágengið. Vegna umfangs og kostnaðar telur Umhverfisstofnun vandséð að staðið verði sómasamlega að frágangi þessa svæðis á annan hátt en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um áhrif frekari efnistöku í Stóru-Fellsöxl á jarðmyndanir og landslag nokkuð góða. Sérstaklega er góð og ítarleg umfjöllun um sjónræn áhrif.

Náma í Fellsenda liggur að námunni í Stóru-Fellsöxl. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu hefði átt að fjalla um hvort mögulegt sé að samræma frágang beggja námusvæða til að tryggja að ásýnd svæðisins verði sem best að frágangi námanna loknum. Umhverfisstofnun telur brýnt að við frekari efnistöku í Stóru-Fellöxl verði tryggt að staðið verði við fyrirheit um skipulegri efnistöku, betri umgengni og frágang sem fram koma í frummatsskýrslu.

Niðurstaða: Efnistaka í Stóru-Fellsöxl hefur farið fram um áratuga skeið. Ætla má að helstu umhverfisáhrif séu þegar komin fram. Jarðmyndunin sem efnistakan fer fram í hefur þegar verið skert að mestu leyti. Fullnýting núverandi námusvæðis mun að líkindum ekki hafa frekari umhverfisáhrif í för með sér en orðið er. Áhrif á landslag og sjónræn áhrif gætu orðið nokkuð neikvæð þegar efnistaka hefst skv. valkosti 3. Þó ætti að vera unnt að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar ef umgengni um námuna, skipulag við vinnslu og frágang hennar verði með þeim hætti sem lýst er í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur brýnt að tryggð verði að umrætt verklag verði viðhaft við frekari efnistöku í Stóru-Fellsöxl. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að efnistaka í Stóru-Fellsöxl samkvæmt þeim valkostum sem fjallað er um í frummatsskýrslu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri